

# Auglýsing

## um framlög til verslunar í strjálbýli

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.9 Verslun í strjálbýli.

### Um framlögin

Markmið með aðgerðinni er að styðja verslun í skilgreindu strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum (sjá skilgreiningu hér að neðan), þar sem verslun hefur átt erfitt uppdráttar. Framlögin geta nýst til að bæta rekstur verslana og skjóta frekari stoðum undir hann, m.a. með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu. Framlögin má einnig nota til að styðja við rekstur og tækjakaup. Byggðastofnun býður verslunarrekendum upp á sérhæfða ráðgjöf til að bæta rekstur verslana.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Rekstraráætlun fyrir árið 2020.
- Ársreikninga síðustu tveggja ára.
- Fyrirhugaða starfsemi.
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi byggðarlags.

### Styrkhæfir aðilar

Verslunarrekendur eða þeir sem hyggja á verslunarrekstur á skilgreindum svæðum geta sótt um þau framlög sem hér eru auglýst. Verslanirnar þurfa að vera í a.m.k. 150 km akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, 75 km akstursfjarlægð frá Akureyri og 40 km akstursfjarlægð frá byggðakjörnum með yfir 1.000 íbúa, eða í Grímsey og Hrísey.

### Styrkfjárhæðir í boði

Úthlutað verður allt að 15 milljónum króna til að styðja verslanir í strjálbýli en í ár verður úthlutað samtímis fyrir árin 2019 og 2020. Gert er ráð fyrir að styrkja verslun í 3-4 byggðarlögum. Heimilt er að veita styrki til sama verkefnis út árið 2021, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

## Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, þ.e. hvernig rekstur viðkomandi sér fyrir sér, opnunartíma, hvort um aðra starfsemi en verslunarrekstur verði að ræða, hvort rekstraraðili sé í samstarfi við aðra um rekstur eða þjónustu o.s.frv.

Þar sem heimilt er að veita styrk til sama verkefnis út árið 2021 skal umsækjandi taka fram ef sótt er um styrk til lengri tíma en eins árs og skal koma fram fyrir hvaða ár sótt er um og nákvæm upphæð fyrir hvert ár.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir því.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

## Mat á umsóknum, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti 16. október 2019.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í byrjun nóvember 2019.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kr. Þorgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun: [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is)